

LISTIR

Gagnstæð fegurð

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur

ÝMSIR MIÐLAR
PATRICK HUSEOpið alla daga frá kl. 10-17.
Sýningu lýkur 27. apríl.

Gallerí i8

VATNSLITAMYNDIR
BERND KOBERLING
BLÖNDUÐ TÆKNI
STELLA SIGURGEIRSDÓTTIROpið fimmtudaga og föstudaga frá
kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 13-17.
Sýningum lýkur 26. apríl.

Í LISTASAFNI Reykjavíkur – Hafnarhúsi – stendur yfir sýning á verkum norska myndlistarmannsins Patricks Huses. Sýningin nefnist „Penetration“ og er þriðja stóra einkasýning listamannsins hér á landi og lokasýning á þrileiknum „Rethinking landscape“ (Landslag endurhugsað). Sú fyrsta var í Hafnarborg árið 1995 og önnur á Kjarvalsstöðum árið 1999.

Patrick Huse er einn af mörgum erlendum listamönnum sem hafa orðið hugfangnir af íslenskrá náttúru og sækja hingað til lands til að örva skapandi hugann. Huse er þekktur fyrir tilfinningarlega þung og jarðbundin landslagsmálverk. Þetta eru þó ekki dæmigerðar landslagsmyndir heldur flæmis-málverk máluð sem nærmyndir af eyðilegu landslagi, án fjarviddar eða fjallgarða. Auk málverkanna sýnir hann nokkrar ljósmyndir, textaverk og myndbandsinnsetningar. Textaverkin þykja mér síst á sýningunni. Alls 21 spakmæli ritað í stál. Kann ég vel að meta ástríðuna að baki spakmællanna, en á heildina eru þau fullfrásakend til að hitta í mark.

Myndbandsinnsetningarnar eru sá hluti sýningarinnar sem kom mér mest á óvart, sérstaklega þar sem listamaðurinn hefur jafnan verið kenndur við málverk umfram aðra tjáningarmiðla. Í lítilli innsetningu, „Ár-farvegur/Rennandi vatn“, spilar hann þessum tveimur tjáningarmiðlunum saman með árangursríkum hætti. Varpar hann myndbandsupptöku af rennandi vatni á vegg til móts við málverk af árfarvegi. Við áhorfun dettur maður inn í stöðuga hreyfinguna í myndbandinu en í málverkinu er það kyrrmyndin sem lokkar. Í

báðum tilfellum má skynja þá hugarró sem er að finna í ósnortinni náttúru. Í myndbandsverkinu „Sifeld hreyfing“ er aftur á móti ólgandi órói þrátt fyrir að myndbandsupptakan á veggnum sýni hreyfingarlaus mynd af landslagi. Úr hljóðkerfi heyrast þær hræringar sem eiga sér stað undir jarðskorpunni og til hliðar við hreyfingarlaust myndbandið er hljóðbylgjuteikning sem iðar í takt við hljóðupptökuna. Listamaðurinn beinir þannig athygli áhorfandans inn fyrir yfirborð landslagsins og þá að eigin tilfinningum, því að manneskjan er jú eins og náttúran, ólgandi undir yfirborðinu.

Íslandsvinir í listasafninu

Varðandi framlag Listasafns Reykjavíkur til sýningarflóru höfuborgarinnar með sýningu Patricks Huses kastast ég á milli tveggja hugleiðinga. Framlagið er að mörgu leyti í takti við umræðuna um hlutverk myndlistar og myndlistarmanna sem hefur verið áberandi undanfarið, bæði á list-



„Hinn fullkomni áfangastaður“ nefnist þetta olúmálverk eftir Patrick Huse.

þingum og í fjölmiðlum. Íslenskir myndlistarmenn hafa verið iðnir við að mótmæla áformum um virkjanir á hálendinu og verið umdeildir fyrir það. Margir álita að myndlist snúist um upplifgandi fagurfræði og að listamenn ættu ekki að sverta hana með því að blanda henni inn í pólitísk málefni. En listamenn eru auðvitað pólitískt virkir og ber þeim að taka afstöðu í samfélagslegri umræðu þótt það sé ekki endilega inngangur þeirra að listsköpuninni. Patrick Huse er náttúruverndarsinnur og situr ekki á skoðunum sínum í þeim efnum, hvorki í máli né myndum. Hefur hann m.a. lýst því yfir að landslagsmálverk sín miðli siðferðislegum og pólitískum skilaboðum. Það er því ágætt innlegg af hálfu safnsins að sýna verk nokkuð þekktis erlends listamanns sem hefur augljósa afstöðu sem varðar þetta staðbundna umræðu.

ing á erlendri samtímalist, eins konar „How do you like Iceland?“-sýningarstefna sem er afar smáborgaraleg ef hugað er að hinni miklu breidd sem finna má í alþjóðlegri samtímalist í dag. Þá er einnig það eftirtektarvert að engar konur eru í hópi þessara erlendu myndlistarmanna.

Ryksuga með sál

Hjá galleríum er sagan önnur og aðrar kröfur gerðar til þeirra en listasafna, enda ekki verið að brúka fé hins opinbera nema þá fáeinar krónur sem úthlutað er sem styrk upp í rekstrarkostnað. Gallerí i8 er sölugallerí fyrir samtímalist og það eina sinnar tegundar á landinu. Lítið er af ögrandi, kæruleysislegri eða óvæntri nýlist í i8. Frekar öguð myndlist viðurkenndra listamanna. En ungum og óþekktum listamönnum er þó boðið að sýna þar í smáu rými undir stiganum. Rýmið er hálfveseldarlegt á að líta en gaman er að fylgjast með því hvernig ungir og framsækni listamenn takast á við það. Þessa dagana hangir gömul ryksuga undir stiganum. Hefur listakonan Stella Sigurgeirsdóttir léð henni vængi til minningar um þau tæki og tól sem við hættum að nota, hendum frá okkur og hafna að lokum handan gullna hliðsins á Sorpu. Nokkuð skoplegt verk með fallega hugmynd að baki. Hentugleiki sýningarrýmisins undir verkið er þó spursmál. Þrengslin virka sem búr, sem kann vel að vera listakonunni að skapi, en fyrir vikið missir hugmyndin um flug ryksugunnar allan mátt.

Sætt, létt og óstjórnað

Aðalsýningin í Gallerí i8 er á vatnslitamyndum eftir þýska málarann Bernd Koberling, þann hinn sama og sýndi í Hafnarhúsinu í fyrravetur. Bernd Koberling er vel þekktur í alþjóðlegum myndlistarheimi og mjög virtur í heimalandi sínu. Hann kom fyrst til Íslands með samlanda sínum og kollega, Dieter Roth, snemma á áttunda áratug síðustu aldar og hefur sótt hingað til lands síðan. Vatnslitamyndirnar í i8 eru af sama toga og hann sýndi í Hafnarhúsinu. Þar voru vatnslitamyndir málaðar í Loðmundarfirði með hliðsjón af ljóðum eftir Gyrði Elíasson. Sýndi hann einnig olúmálverk á ál sem var á meðal þess besta sem sást í málverki í Reykjavík það árið.

Vatnslitamyndir eru mjög takmarkað listform og vissulega erfitt að vinna það með áhuga-verðum hætti í dag. En Koberling er hæfur í sínu fagi. Létt og bjart er yfir myndunum, aðferðin óstjórnuð en framin af mikilli þekkingu á efni og miðli. Verkin sýna ekki eftirmyndir af náttúru heldur er náttúran inngangur listamannsins að myndsköpuninni. Margt minnir þó á berjalýng eða blóm án þess að hægt sé að festa þá merkingu á myndirnar.

Íslensk náttúran birtist mjög ólíkt í verkum Bernd Koberlings og Patricks Huses. Sá fyrrnefndi sækir í gróðursælt og líflégt umhverfi á Austfjörðum á meðan sá síðarnefndi heldur sig við tóma auðnina. Sætleikinn í verkum Koberlings er sem andhverfa við grófleikann hjá Huse, eins og léttleikinn er andhverfa þyngdarinnar. Má segja að hér séu á ferðinni tveir Íslandsvinir upptendraðir af gagnstæðri fegurð í íslenskrá náttúru.

Jón B.K. Ransu

Joshua Rifkin með fyrirlestur um Bach í LHÍ

HLJÓMSVEITARSTJÓRINN og fræðimaðurinn Joshua Rifkin heldur fyrirlestur í tónlistardeild Listaháskóla Íslands, Sölvhólgötu 13 (flygla-sal) á morgun, föstudag, kl. 16. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina „Performing Bach Today“. Auk þess heldur Rifkin meistaranámskeið í barokk-tónlist á vegum Listaháskólans laugardaginn 12. apríl frá kl. 12 til 16. Á námskeiðinu leika nemendur tónlistardeildar kammerverk eftir Bach, Biber og Benda. Bæði námskeiðið og fyrirlesturinn eru opin almenningi.

Ný búð Nýjar vörur

Glæsilegar dragtir í stærðum 38-52

Opnunartími:
11-18 mánudag-föstudag
11-18 og 20-22 fimmtudag
12-16 laugardag

Hverafold 1-3 • Torgið - Grafarvogi • Sími: 577 4949

FIMMTUDAGS-TILBOÐ

BARNASKÓR - LEÐUR FRÁ

MARGAR GERÐIR
LITIR OG STÆRÐIR

VERÐ ÁÐUR 4.495
VERÐ NÚ 2.995

Toppskórinn
Suðurlandsbraut
Sími 533 3109

Opið
mán.-fös. kl. 12-18
laugardaga kl. 10-16